

Fimmtudaginn 23. nóvember 1995.

Nr. 34/1993.

Ómar Franklínsson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Grágás hf.

(Hákon Árnason hrl.)

og Fjallkonunni hf.

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

og til réttargæslu

Vátryggingafélagi Íslands hf.

Skaðabótamál. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. janúar 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum skaðabætur, að fjárhæð 2.847.539 krónur, með tilgreindum ársvöxtum frá 11. febrúar 1988 til 27. júní 1991 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur hvor um sig, aðallega, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Þeir krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Eftir áfrýjun málsins hefur nafni annars stefndu, Ísafoldarprentsmiðju hf., verið breytt, og heitir félagið nú Fjallkonan hf.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þar á meðal hefur áfrýjandi lagt fram bréf frá þýskum framleiðanda prentvélarinnar, sem hann slasaðist við, og endurrit vitnaskýrsla, sem áfrýjandi fékk teknar 7. nóvember 1995 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af tveimur fyrri starfsmönnum Ísafoldarprentsmiðju hf. og Þorsteini Aðalsteinssyni rafvirkja.

Óumdeilt er, að slaglengd prentvélarinnar var breytt, meðan hún var í eigu stefnda Grágásar hf., en ósannað er, að lengdin hafi orðið meiri en 10 cm. Einnig verður að telja ósannað, að henni hafi verið breytt eftir slysið, þótt framburður fyrrgreindra starfsmanna hnígi í þá átt. Fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins, sem kvaddur var á vettvang á slysdegi, gerði þá engar athugasemdir í þessum efnum. Umsögn stofnunarinnar um mikla slaglengd kom fyrst fram rúmu ári síðar. Hefur ekki verið hnekkð því álitni héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, að umsögnin fái ekki staðist. Eins og atvikum er háttað, er ekki leitt í ljós, að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vélinni. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Gera verður áfrýjanda að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ómar Franklínsson, greiði hvorum stefndu, Grágás hf. og Fjallkonunni hf., 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. sept. sl., höfðaði Ómar Franklínsson, Reynihvammi 17, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 27. júní 1991, gegn Grágás hf., Vallargötu 14, Keflavík, og Ísafoldarprentsmiðju hf., kt. 660169-0329, Þingholtsstræti 5, Reykjavík. Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu sem ábyrgðartryggjanda Grágásar hf.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu Grágás hf. og Ísafoldarprentsmiðja hf. verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 5.000.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Stefndi Ísafoldarprentsmiðja hf. gerir þær dómkröfur aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað [...].

Til vara krefst stefndi Ísafoldarprentsmiðja hf. þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Stefndi Grágás hf. gerir þær dómkröfur að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum frá 14. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Réttargæslustefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., gerir ekki sjálfstæðar dómkröfur, enda eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum stefnandi, stjórnarformaður stefnda Grágásar hf., Sigurjón Vikarsson, Stefán Jónsson, prentari og einn af eigendum Grágásar hf., Ragnar Kristjánsson prentari, Þórir Örn Garðarsson rafvirki, Árni Sverrisson prentari og Þorsteinn Aðalsteinsson rafvirki.

Eftir að málið hafði verið munnlega flutt, fóru dómarar, lögmenn aðila, stefnandi og fyrirsvarsmenn stefnda Grágásar hf. í Félagsprentsmiðjuna. Þar var þeim sýnd prentvél, sem er eins og sú, sem stefnandi slasaðist við. Árni Sverrisson sýndi notkun vélarinnar, og stefnandi sýndi þau vinnubrögð, sem hann viðhafði, þá er slysið varð.

Málavextir.

Stefnandi, sem er prentari og var starfsmaður stefnda Ísafoldarprentsmiðju hf., varð fyrir slysi við vinnu sína 11. febrúar 1988. Þá er stefnandi slasaðist, var hann að undirbúa offsetprentvél fyrir notkun og var að hreinsa valsa vélarinnar með sandpappír. Vél þessi hafði nýlega verið keypt af stefnda Grágás hf.

Slysið varð með þeim hætti, að stefnandi var að þrífa stálvalsa prentvélarinnar. Valsarnir eru stórir og snúast hver gegnt öðrum. Stefnandi ýtti á rofa til þess að þrífa annan stálvalsinn. Þá lenti hann með hægri hendi á milli stálvalsanna með þeim afleiðingum, að taka varð litla fingur í sundur á nærkjúku, baugfingur var tekinn sundur við fjærlið, langatöng var heil, en fjærkjúka kramdist illa, og var hún alveg dofin.

Eftir slysið var stefnandi fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík og tekinn til aðgerðar. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, og skoðuðu starfsmenn þess aðstæður á slysstað. Í skýrslu þess á dskj. 31 segir m. a.: „Við athugun kom í ljós, að vélin hafði ekki verið í gangi. Rofar, sem notaðir eru til að snúa völsum vélarinnar hluta úr hring hverju sinni, sem ýtt er á þá, en það er gert við hreinsun, voru í lagi. Rofar á öryggishlífum vélarinnar voru í lagi. Ekkert var óvenjulegt við vélina eða vinnubrögðin að sögn Gunnars Trausta nema það, að gróft smergelléref,

sem Ómar notaði við hreinsunina, er ekki notað venjulega. Líklega orsök slyssins má telja, að Ómar hafi ýtt á rofann, sem snýr völsunum þannig, að það, sem á milli þeirra er, dregst inn í vélina, en ekki út. Þannig hafi valsarnir gripið smergellérefðið og dregið með sér hönd Ómars inn á milli valsanna.“

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 23. febrúar 1989, dskj. 13, segir m. a. svo:

„Engar fastar reglur eru til um það, hve langa leið yfirborð valsanna skuli hreyfast í hverju slagi eða hve margar gráður úr hring. Ég mældi ekki þvermál valsanna, svo að ég get ekki sagt til um vegalengdina, en við hvert slag snerust valsarnir hálfan hring, 180°.

Þar sem engar reglur eru til hjá VER um slaglengd og rofar virkuðu, hafði ég ekki ástæðu til að athuga, hvort innsigli eða öryggi á tímarofa hafði verið rofið, en samkvæmt skýrslu slasaða, Ómars Valdimars Franklínssonar, kemur fram, að stillingu tímarofa, sem stjórnar „slaglengd“ vélarinnar við þessa vinnu, hafði verið breytt til lengingar, og hlýtur það að rýra öryggi vélarinnar. Þetta er staðfest í skýrslum Stefáns Jónssonar og Róberts Þórs Guðbjörnssonar. Ég sendi þér blað frá framleiðanda, sem staðfestir, hvernig tímarofarnir eru stilltir á vélunum nýjum. Þessar stillingar samþykkir vinnueftirlitið, en ekki breytingar, sem gerðar eru á þeim eftir á. Samkvæmt eftirlitsskýrslu nr. 16985, dags. 11. 2. 1988, er bent á að yfirfara öryggisbúnað og rofa í prentsmiðjunni. Vinnueftirlitið mun á næstunni ítreka kröfur um skoðun og lagfæringar á öryggisbúnaði véla í prentsmiðjunum.“

Bréfi þessu fylgir upplýsingablað um Heidelberg-vélar. Þar kemur fram, að slaglengd véla aftur á bak er 22 mm – 28 mm og slaglengd áfram 60 mm — 70 mm.

Í skýrslu Stefáns Jónssonar, eins af eigendum Grágásar hf., fyrir lögreglu 2. nóv. 1988, dskj. 5, segir m. a. svo: „Slaglengd vélarinnar var allt of stutt fyrir okkur, en við vorum með 220 volta spennu á vélinni. Fengum við því rafvirkja, Róbert Þór Guðbjörnsson og (sic) rekur fyrirtæki, sem heitir Geisli, til að lengja slaglengd vélarinnar. Eigendur Ísafoldarprentsmiðju komu nokkrum sinnum að skoða vélina og keyptu hana í febrúar sl. Ég veit ekki til þess, að þeim hafi verið bent sérstaklega á, að slaglengd vélarinnar hefði verið breytt.“

Hinn 13. janúar 1989 gaf Róbert Þór Guðbjörnsson rafverktaki skýrslu fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins, og hefur hún verið lögð fram sem dskj. 6. Þar segir m. a. svo:

„Ég minnst þess, en man ekki, hvenær það var, að hafa verið fenginn í

prentsmiðjuna Grágás til þess að lagfæra prentvél, sem var biluð. Þetta var þessi Heidelberg-prentvél, sem var svo síðar seld. Birgir Pálmason prentari hafði þá unnið við vélina. Stýrirofi hafði verið brunninn, og þegar ég hafði gert við vélina, bað Birgir mig að lengja slaglengdina úr u. þ. b. 2 cm upp í 10 cm, og varð ég við því. Það var ekkert innsigli, en tímarofi, sem ég stillti með handafli. Mig minnir, að ég hafi gert þetta með handafli, en það gæti verið, að ég hafi notað skrúfjárn. Þessi rofi var í sama kassa og ég hafði verið að vinna í. Mér er ekki kunnugt um, hvort reglur séu um slaglengd prentvéla. Birgir bað um þetta sér til vinnuhagræðingar, og varð ég að sjálfsögðu við því.“

Stefán Bogason læknir mat örorku stefnanda 4. nóvember 1988. Örorka var metin tímabundin 100% í eina viku, 50% í fjórar vikur og varanleg örorka 15%. Á grundvelli þess örorkumats reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur út örorkutjón stefnanda. Í örorkutjónsútreikningi, dags. 6. okt. 1989, segir m. a. svo:

— — —

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur stefnda bera fulla fébótaábyrgð á tjóni sínu.

Gagnvart stefnda Grágás hf. er byggt á sök. Grágás hf. hafi, á meðan vél-in var í eigu félagsins, hlutast til um það, að breytt var til lengingar stillingu tímarofa, sem stjórnar slaglengd vélarinnar. Bréf Vinnueftirlits ríkisins, dags. 23. febrúar 1989, sé skýrt um það, að lenging slaglengdar hafi rýrt öryggi vélarinnar. Jafnframt segi í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, að breytingar, sem gerðar eru á slaglengd, eftir að vél hefur verið afhent frá framleiðanda, séu ekki samþykktar af Vinnueftirliti ríkisins. Þetta merki, að breytingar eftir á, sem rýra öryggi tækja, séu ekki samþykktar af Vinnueftirliti ríkisins. Hér sé tvímælalaust um vanbúnað að ræða, vél, sem hafði skaðlega eiginleika. Þá er vitnað til skorts á upplýsingum eða leiðbeiningum. Grágás hf. hafi látið gera tilteknar breytingar á vélinni, en ekki upplýst kaupanda vélarinnar, þ. e. stefnda Ísafoldarprentsmiðju, um þær breytingar.

Bótakröfur á hendur Ísafoldarprentsmiðju hf. eru reistar á því, að stefnandi varð fyrir slysi við vinnu sína í þágu þess aðila og stefnanda sjálfum verði ekki á nokkurn hátt kennt um slysið. Stefndi Ísafoldarprentsmiðja hf. beri gagnvart stefnanda ábyrgð á vanbúnaði tækis þess, sem slysi olli.

— — —

Málsástæður og rökstuðningur stefnda Ísafoldarprentsmiðju.

Af hálfu þessa stefnda er því haldið fram, að stefnandi sé lærður prentari, hafi átt að baki margra ára starfsreynslu og um áráðil starfað hjá stefnda Ísafoldarprentsmiðju sem verkstjóri í vélasal. Hann hafi þekkt gjörlla til þeirrar véartegundar, sem hann slasaðist við, og verið vanur að vinna við slíkar vélar, umgangast þær og þrifa.

Umrædd vél hafi verið keypt notuð af stefnda prentsmiðjunni Grágás í Keflavík, og muni hún hafa verið afhent daginn áður en slysið varð. Stefnandi haf haft forgöngu um kaupin og annast þau sjálfur. Hann hafi valið vélina og skoðað hana oft og rækilega, áður en kaupin gerðust og eftir. Hann hafi því verið manna best kunnugur ástandi vélarinnar og búnaði og vitað eða mátt vita um allar hugsanlegar breytingar, sem á henni höfðu verið gerðar.

Hvorki stefndi Ísafoldarprentsmiðja né neinn, sem þessi stefndi ber ábyrgð á, hafi gert nokkrar þær breytingar á vélinni, sem hafi rýrt öryggi hennar. Slysa það, sem stefnandi varð fyrir, verði ekki rakið til neinna atvika, sem varðað geti stefnda Ísafoldarprentsmiðju hf. skaðabótaábyrgð að lögum. Hvorki eigi þessi stefndi né neinn starfsmanna hans sök á slysinu, sem leitt geti til ábyrgðar á grundvelli reglna um húsbóndaábyrgð.

Þær breytingar á slaglengd valsa, sem stefnandi telji, að slysið megi rekja til, hafi verið gerðar að undirlagi seljanda vélarinnar, áður en kaupin gerðust, og hafi hvorki fyrirsvarsmönnum stefnda Ísafoldarprentsmiðju né nokkrum starfsmönnum þessa stefnda verið um þær kunnugt, nema vera skyldi stefnanda sjálfum.

Slysið megi að öllu rekja til rangra og óvandaðra vinnubragða stefnanda sjálfs, sbr. umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið á dskj. 31. Þar komi fram, að stefnandi hafi farið með höndina með snúningi valsins, en ekki á móti honum, eins og gera beri. Stefnandi hafi verið fullkunnugt um þau handtök, sem beita eigi, og honum hafi mátt vera ljóst, að sú aðferð, sem hann viðhafði, var stórhættuleg. Þrátt fyrir breytinguna á slaglengd valsanna hefði slysið ekki orðið, ef stefnandi hefði beitt réttum vinnubrögðum. Vegna menntunar sinnar og starfsreynslu og þekkingar á slíkum vélum hafi stefnandi mátt vera ljóst, að hættulegt væri að standa að verkinu á þann veg, sem hann hafi gert. Stefnandi hafi verið fullljóst, hver voru og séu rétt handtök við hreinsun slíkra véla og hvað varast beri í því efni til að forðast hugsanlegt slys.

Enn fremur er því haldið fram, að stefnandi hafi vitað um eða mátt vita um þær breytingar, sem gerðar höfðu verið á slaglengd valsanna, þar sem

hann annaðist kaup vélarinnar og skoðaði hana rækilega, áður en kaupin gerðust og eins eftir að hún var afhent.

Því er mótmælt, að stefndi Ísafoldarprentsmiðja beri hlutlæga ábyrgð. Eigendur véla og tækja beri yfirleitt ekki hreina hlutlæga ábyrgð vegna slysa og tjóns, sem af þeim hljótask, hvorki gagnvart starfsmönnum sínum né öðrum. Því er einnig mótmælt, að slysið verði rakið til vanbúnaðar eða skaðlegra eiginleika vélarinnar. Prentsmiðjurekstur sé ekki hættulegur atvinnurekstur, og ekki komi til greina, að hlutlæg fébótaábyrgð verði lögð á stefnda Ísafoldarprentsmiðju á þeim grundvelli. Í þessu máli sé ekki skilýrði til þess að beita reglum skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur, hvorki að því er varðar starfsemina almennt né varðandi vélina sem slíka og starfa stefnanda við hana umrætt sinn.

Stefndi Ísafoldarprentsmiðja hf. geti ekki orðið skaðabótaskyldur gagnvart starfsmanni sínum, sem slasist í vinnu vegna saknæmrar háttsemi sjálfstæðs þriðja aðila.

— — —

Málsástæður og lagarök stefnda Grágásar hf.

Sýknukrafa stefnda Grágásar hf. er á því reist, að þessi stefndi beri ekki að lögum skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda. Því er sérstaklega andmælt sem röngu og ósönnuðu, að prentvélin hafi verið vanbúin eða skaðleg og slysið megi rekja til þess. Því er einnig andmælt sem röngu, að skortur á upplýsingum eða leiðbeiningum af hálfu stefnda hafi valdið slysinu eða stefnda hafi borið að upplýsa sérstaklega um slaglengd prentvélarinnar.

Engin lög eða reglur mæli fyrir um, hver vera skuli slaglengd valsa á prentvélum. Hún sé mismunandi eftir gerðum og stillingu vélanna. Lög og reglugerðir áskilji ekki heldur samþykki vinnueftirlitsins til breytinga á slaglengd og láti notendur vélanna stilla slaglengdina, eftir því sem þörf krefur. Slaglengd á vélum geti því verið mismunandi og eigi ekki að koma á óvart. Slaglengd prentvélarinnar, sem stefnandi slasaðist við, hafi verið um 6–7 cm, á meðan vélin var í eigu stefnda Grágásar hf., og verið stillt þannig úr ca. 2 cm til hagræðingar við inntöku á prentplötum. Hafi það engu breytt um öryggi vélarinnar. Hafi slaglengd vélarinnar verið umfram það, þegar slysið varð, svo sem upplýsingar vinnueftirlits gætu bent til, sé stefndi Grágás hf. ekki valdur að því og séu því afleiðingar þess óviðkomandi.

Stefnandi sé prentari að mennt og atvinnu og þaulvanur prentvélum. Tvívegis fyrir kaup vélarinnar hafi stefnandi skoðað vélina og „prufukeyrt“ fram og aftur á ýmsum hraða hjá stefnda Grágás hf. og hafi þess vegna og sem fagmanni mátt vera ljós raunveruleg slaglengd valsanna. Hafi því hvorki verið þörf né skylda að leiðbeina honum eða upplýsa hann sérstak-

lega um slaglengd þeirra, enda eigi 6–7 cm slaglengd ekki að koma neinum á óvart. Hafi slaglengd valsanna hins vegar verið orðin 30–40 cm eða meira, er slysið varð, hefði það ekki getað leynst stefnanda og öðrum starfsmönnum Ísafoldarprentsmiðju hf., sem haft höfðu vélina undir höndum í marga daga fyrir slysið. Ekki hafi aðrir en þeir, sem tóku við vélinni af hálfu Ísafoldarprentsmiðju og voru að yfirfara hana og undirbúa, valdið slíkri breytingu á slaglengdinni frá því, sem verið hafði, meðan vélin var hjá Grágás hf. Að því leyti, sem stefnandi hafi verið óviðbúinn slaglengd valsanna, eigi hann þannig við sjálfan sig að sakast, en ekki aðra. Auk þess hafi hann sýnt stórkostlegt gáleysi með því að hafa hönd á völsunum, er hann setti þá af stað, og láta valsana jafnframt snúast í inndræga stefnu, svo að höndin dróst inn á milli þeirra. Ekkert slys hefði orðið, ef stefnandi hefði gætt handa sinna eða látið valsana snúast í gagnstæða átt við það, sem hann gerði.

Því er mótmælt, að prentvélina hafi á nokkurn hátt verið skaðleg eða slaglengd valsanna hættuleg, meðan vélin var í eigu Grágásar hf. og þegar hún var seld. Engin slys eða óhöpp hafi orðið þá við vélina og ekki neinar athugasemdir verið gerðar af eftirlitsaðilum við slaglengd hennar. Vélina og slaglengd valsa hennar hafi einnig verið fullkomlega lögleg, hvort sem hún var stillt á 2 cm, 6–7 cm eða meira. Fullyrðingar stefnanda um, að slaglengd valsa eigi að vera að hámarki tæpir 3 cm, séu einfaldlega rangar, engar reglur séu til um slaglengd valsa á prentvélum.

Stefndi Grágás hf. eigi því hvorki sök á slysi stefnanda né beri á því fébótaábyrgð eftir öðrum skaðabótareglum.

— — —

Niðurstaða.

Fram kom hjá stefnanda hér fyrir dómi, að hann fór einu sinni til Keflavíkur og skoðaði umrædda prentvél, á meðan hún var í eigu stefnda Grágásar hf. Í þessa skoðunarferð fór stefnandi sem starfsmaður stefnda Ísafoldarprentsmiðju hf., en ósannaðar og órökstuddar eru fullyrðingar um, að stefnandi hafi verið hvata- eða ráðamaður um kaup Ísafoldarprentsmiðju hf. á vélinni, og jafnframt, að hann hafi farið oftár en einu sinni til Keflavíkur til að skoða vélina.

Við skoðun stefnanda fyrir kaupin var vélin gangsett með gangsetningarstöng, og sá stefnandi að eigin sögn vélina í gangi, en „tikkaði“ henni ekki. Sama var, þá er Þorsteinn Aðalsteinsson rafvirki hafði gengið frá vélinni hjá Ísafoldarprentsmiðju og skilaði af sér verkinu. Þá var vélin gangsett, en stefnandi „tikkaði“ vélinni ekki. Stefnandi hafði því ekki athugað slaglengd

vélarinnar, hvorki fyrir kaupun né áður en hann hóf hreinsunina, sem hann slasaðist við.

Við skoðun þá í Félagsprentsmiðjunni, sem fram fór eftir flutning málsins á sams konar prentvél og stefnandi slasaðist við, kom fyrst í ljós, að slaglengd áfram var 3 cm og aftur á bak 1 cm. Þegar vélinni var „tikkað“ aftur á bak einu sinni í einn hring, voru það 55 „tikka“, en áfram var hringurinn í eitt skipti 20 „tikka“, annað 23 og í þriðja 21, svo að slaglengd var ekki alltaf hin sama, og er það í samræmi við upplýsingablað um Heidelberg-vélar, sem fylgir bréfi Vinnueftirlits ríkisins á dskj. 13, en þar kemur fram, að slaglengd aftur á bak er 22 mm – 28 mm og áfram 60 mm – 70 mm. Á dskj. 40 eru upplýsingar um slaglengd á Heidelberg-prentvélum í Prentsmiðjunni Odda hf. Þar kemur fram, að einungis sé hægt að láta vélina snúast u. þ. b. $\frac{1}{2}$ úr hring. Í áðurgreindri skýrslu Róberts Þórs Guðbjörnssonar fyrir RLR 13. janúar 1989 kemur fram, að hann hafi lengt slaglengd vélarinnar úr u. þ. b. 2 cm í 10 cm.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna fær það ekki staðist, sem segir í bréfi Vinnueftirlits ríkisins á dskj. 13, að við hvert slag hafi valsarnir snúist hálfan hring, 180 gráður. Hér er og á það að líta, að ekkert er fram komið um, að gert hafi verið við vélina eða slaglengd hennar breytt eftir slysið.

Þegar slysið varð, var stefnandi 41 árs, verkstjóri í prentsal hjá stefnda Ísafoldarprentsmiðju hf. Stefnandi hafði þá unnið sem prentari í 24 ár, þar af í tæp 4 ár hjá Ísafoldarprentsmiðju hf. Stefnandi hafði nýverið tekið við verkstjórastarfinu, en áður hafði hann gegnt því í forföllum fyrrverandi verkstjóra. Er ekki annað fram komið en stefnandi hafi sjálfur stjórnað verki því, sem hann slasaðist við.

Telja verður ástæðu slyssins þá vinnuaðferð stefnanda við hreinsun vélarinnar að „tikka“ vélinni á þann veg, sem hann gerði, þ. e. þannig, að valsarnir snerust saman, en ekki hvor frá öðrum. Með þessari aðferð eykst slyshætta, hvort sem slaglengd er meiri eða minni, enda þótt meiri slaglengd geti valdið verra slysi en minni slaglengd. Þessi aðferð stefnanda var sérstaklega óvarleg, þar sem hann hafði að eigin sögn hvorki unnið við vélina áður né kynnt sér slaglengd hennar.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins, að hvorki hafi verið í ljós leitt, að slys stefnanda verði rakið til vanbúnaðar eða galla í prentvélinni, sem stefnandi slasaðist við, né annarra orsaka, sem stefndu beri ábyrgð á, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Guðmundssyni offsetprentara og Kristjáni Flygenring vélaverkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi Ísafoldarprentsmiðja hf. og stefndi Grágás hf. skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ómars Franklínssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
